

tröysti sjer ekki til að framkvæma þessa skipun, hafi hann skorið mestalt fje sitt, og hafi sýslunefndin úthlutað honum 1174 kr. skaðabótum fyrir þennan skurð. **130**
31. okt

Samkvæmt sveitarstjórnarlögunum ber sýslunefndinni ekkert vald til að gjöra ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, og sýslumaðurinn hefði því ekki átt að bera mál þetta undir sýslunefndina; en hvað ályktun þá snertir, sem sýslunefndin hefir gjört um að greiða þeim skaðabøtur, er vildu skera niður kláðagrunað fje sitt, þá er það ljóst af ákvörðunum þeim, sem áminnst lög hafa inni að halda um fjárveitingarvald sýslunefndar, að samþykkis amsráðsins hefði þurft með til þess að gjöra ályktun þessa bindandi fyrir sýslufjelagið. Með því að ekki hefir komið neitt fram um, að amtsráðið hafi veitt slíkt samþykki, verður að vísa beiðandanum til að lögsökja sýslunefndarmennina, ef ekki tekst að fá það, sem eptir stendur af skaðabótum þeim, er honum hafa verið úthlutaðar, greitt með góðu.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu og landfógeta um styrk handa yfirsetukonum.* — Þeim 200 kr., sem 3. gr. konungsbr. frá 20. júní 1766 skipar fyrir, að úthluta skuli yfirsetukonum hjer á landi, var samkvæmt tillögum landlæknis skipt meðal 50 yfirsetukvenna í suður- og vesturumdæminu, þannig, að hver þeirra fjekk 4 kr. **131**
5. nóv.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um borgun fyrir að útvísa nýbýli.* — Í brjefi frá 6. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að Halldór nokkur Bjarnason á Litlu-Gröf í Mýrasýslu hafi 30. sept. 1873 útvegað skipun amtsins til þess, að sjer yrði útvísað land til nýbýlis í Langa-vatnsdal samkvæmt tilskip. frá 15. apríl 1776. En þegar útvísun þessi átti fram að fara 30. júní þ. á., og sýslumaðurinn með tilkvöddum mönnum var kominn þangað, sem nýbýlið átti að stofnast, hafi beiðandinn lýst yfir því, að hann væri hættur við áform sitt, og hafi þess vegna engin útvísun fram farið. Sýslumaðurinn hefir samt óskað sjer útborgað fullt gjald úr landssjóði fyrir þessa útvísun samkvæmt 8. gr. binnar nefndu tilskipunar, og hafið þjer lagt beiðni þessa undir úrskurð minn, um leið og þjer takið fram, að tilskipunin hafi ekki gjört beinlínis ráð fyrir því, sem hjer hafi átt sjer stað, að hlutaðeigandi tæki aptur beiðni sína um að fá útvísað nýbýli, en að umtalsmál geti orðið um að heimfæra til þessa tilfellis ákvörðun tilskipunarinnar um borgun fyrir nýbýlisgjörð, þegar nýbýlinu verður ekki vegna einhverra mótmæla útvísað; en samt virðist næst að álíta, þegar eins stendur á og hjer, að beiðandinn eigi að greiða sjálfur kostnaðinn, og að hann ekki geti heimtað, að kostnaðurinn sje greiddur úr opinberum sjóði, og þá geti jafnvel komið til tals, að skoðunarmönnum og sýslumaðni beri fullt gjald fyrir gjörðina, eins og útvísunin hefði farið fram. **132**
13. nóv.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg er yður samdóma um, að beiðandanum beri að greiða sjálfum kostnaðinn við hina áminnstu gjörð.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um barnaskólann á Ísafirði.* **133**
— Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, um frumvarp **133**
15. nóv.